



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ármann Kr. Ólafsson
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 13. september 2021.
Málsnr. 2104001
PBG/HH

Efni: Rekstraráætlun almenningssamgangna

Á 528. fundi stjórnar SSH, hinn 6. september 2021, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

Rekstraráætlun almenningssamgangna / málsnr. 2104001

Fyrirliggjandi er áfangaskýrsla um drög að rekstraráætlun nýs leiðanets þ.m.t. Borgarlínu.

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. er gestur fundarins undir þessum lið og kynnir skýrsluna.

Niðurstaða fundar:


Skýrslan er unnin til undirbúnings viðræðna við ríkið í tengslum við uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu. Í samkomulagi við ríkið frá 26. september 2019 varðandi rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að aðilar lýsi yfir vilja sínum til þess að vinna sameiginlega að endurskoðun samkomulags um tilraunverkefni um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu frá 7. maí 2012 og framlengingu á gildistíma þess um 12 ár, til 2034. Í tengslum við uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu sé horft til uppfærðra rekstraráætlana almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. um rekstur Borgarlínu.

Á fundi stýrihóps um framgang Samgöngusáttmálans 12. ágúst sl. var það m.a. niðurstaða fundarins að Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra myndi setja viðræðurnar nú af stað milli ríkisins og sveitarfélaganna er varðar rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu í samræmi samkomulagið frá 26. september 2019.

Skýrslan er lögð fram til kynningar og er skrifstofu SSH jafnframt falið að senda hana aðildarsveitarfélögunum til kynningar og verður henni fylgt eftir með kynningu ef óskað er eftir því af hálfu sveitarfélaganna.

Tilkynnist ofangreint hér með.

Virðingarfyllt,
Fyrir hönd SSH


Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

Áfangaskýrsla um drög að rekstraráætlun nýs leiðanets þ.m.t. Borgarlínu